

Ed.

1063. Nefndarálit

[155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. l. nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar en ekki náð samkomulagi um afgreiðslu þess.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar í gær.

Með því að nú er komið að þinglausnum er þess enginn kostur að nefndin geti tekið frumvarpið til efnislegrar meðferðar. Hins vegar er málið nefndarmönnum kunnugt þar sem það hefur verið rætt ítarlega í öllum þingflokkum.

Einsýnt er að setja þarf á þessu þingi ný lög um kosningar til Alþingis til samræmis við þá stjórnarskrárbreytingu sem nú hefur verið samþykkt.

Með tilliti til þessa samþykkir meiri hl. nefndarinnar að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreyttu eins og það kemur frá neðri deild. Þessi tillaga nefndarinnar er gerð á þeirri forsendu að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram í frumvarpsformi á næsta haustþingi.

Alþingi, 20. maí 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form., frsm.

Eiður Guðnason.

Ragnar Arnalds,
fundaskr.

Jón Kristjánsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Valdimar Indriðason.